

## GJALDSKRÁ

### byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar innir af hendi skal innheimta gjöld sem hér segir:

#### 1. gr.

##### *Byggingarleyfisgjald.*

Innheimt skal eftirfarandi byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir, sbr. 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á:

##### *Flokkur A: Íbúðarhúsnæði:*

Einbýlishús	219.900 kr.
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, gjald á hverja íbúð	186.920 kr.
Fjölbýlishús, gjald á hverja íbúð	109.950 kr.
Fristundahús	109.950 kr.

##### *Flokkur B: Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði:*

Gólfflötur allt að 500 fermetrar	219.900 kr.
Gólfflötur á bilinu 500-1.000 fermetrar	439.800 kr.
Gólfflötur yfir 1.000 fermetrum	659.700 kr.

##### *Flokkur C: Önnur hús, hvers konar viðbyggingar, bilageymslu- og gripahús:*

Nýbygging eða viðbygging allt að 40 fermetrar	87.960 kr.
Nýbygging eða viðbygging 40-100 fermetrar	131.940 kr.
Nýbygging eða viðbygging yfir 100 fermetrum	219.900 kr.

##### *Flokkur D: Annað:*

Minniháttar breytingar á útliti, innra skipulagi, klæðningu utanhúss o.þ.h.	43.980 kr.
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis, s.s. veggjum, lögnum o.þ.h.	109.950 kr.

#### 2. gr.

##### *Leyfisgjöld.*

Stöðuleyfi hjólhýsa, báta og annarra muna skv. 1. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa (árgjald)	27.970 kr.
Stöðuleyfi gáma (árgjald)	50.970 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa	17.760 kr.
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	25.070 kr.
Afgreiðslugjald byggingarfulltrúa	13.060 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	13.320 kr.
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	54.830 kr.
Lóðagjald	39.170 kr.
Yfirferð aðaluppdráttar	34.860 kr.
Tímavinnugjald við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjóraskipta, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar	20.760 kr.
Endurnýjun byggingarleyfis	13.060 kr.
Leyfi til niðurrifs mannvirkja	33.290 kr.
Breyting á skráningu, sbr. 5. gr. gjaldskrárinnar	33.950 kr.

#### 3. gr.

##### *Vottorð.*

Byggingarstig húsa	32.160 kr.
Afgreiðsla skráningartöflu	34.960 kr.
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga, gjald á eignarhlut – 2-4 eignir	31.470 kr.

Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga, gjald á eignarhlut – 5-15 eignir

47.200 kr.

4. gr.

*Tímavinnugjald byggingarfulltrúa.*

Af viðameiri framkvæmdum er heimilt að innheimta tímavinnugjald af þeirri vinnu sem lagt er út í við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjórnaskipta.

5. gr.

*Kostnaður skoðunarstofu.*

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm og/eða umfangsmikil getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta, sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

6. gr.

*Samþykkt og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2023 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi ákvæði í gjaldskrá sama efnis.

*Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 3. nóvember 2022.*

**Arna Lára Jónsdóttir** bæjarstjóri.